

Mál nr. 392/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Líkamstjón. Sönnun. Miskabætur. Stórfellt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V1, dags. 11. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 17. nóvember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt ökutækjaskýrslu sem fyrirtækið Aðstoð og öryggi (A&Ö) gerði, var bifreiðunum A, sem M á og ók, og B ekið norður Vesturhóla að gatnamótum Höfðabakka þann 26. apríl 2023. Er ökumaður A hemlaði á hraðahindrun var B ekið aftan á A. Ekki virðist ágreiningur um það að ökumaður B ber alla sök í árekstrinum. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni A að hún hafi hemlað á hraðahindrun og því verið á mjög litlum hraða er áreksturinn varð. Þá er haft eftir ökumanni B að hún hafi óvart ekið aftan á A þegar sú bifreið hafði stöðvað ofan á hraðahindrun. Sagðist hún hafa verið á undir 10 km/klst. hraða þegar áreksturinn varð.

Í málskoti er á því byggt að M eigi rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingu B með vísan í a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda hafi M orðið fyrir líkamstjóni af völdum stórfellds gáleysis ökumanns B sem hafi verið í símanum er áreksturinn varð, nokkuð sem sjá megi í meðfylgjandi myndbandi af árekstrinum. Telur M myndbandið því staðfesta að ökumaður B hafi ekki verið með hugann við aksturinn í aðdraganda árekstursins. M mótmælir einnig þeim rökum V að ekki liggi fyrir sönnun þess að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Bendir M jafn framt á að það sé ekki bótaskilyrði samkvæmt framangreindu ákvæði skaðabótalaga að um varanlegt líkamstjón hafi verið að ræða. Telur M að gögn málsins sanni líkamstjón hennar og þar skipti ekki máli þó hún hafi ekki verið metin með varanlegan miska skv. 4. gr. skaðabótalaga.

Í athugasemd V, dags. 11. nóvember 2025, er bótakröfu M hafnað. Máli sínu til stuðnings byggir V á því að M hafi hvorki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni né að hið meinta tjón verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns B. Hvað líkamstjónið varðar bendir V á að í fyrirliggjandi matsgerð komist matsmenn að þeirri niðurstöðu að M hafi m.a. hvorki orðið fyrir tímabundnum eða varanlegum miska samkvæmt 3. og 4. gr. skaðabótalaga. Telur V það sýna að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Þá bendir V einnig á að skilyrðið um stórfellt gáleysi sé ekki uppfyllt. Í því sambandi mótmælir V þeirri fullyrðingu í málskoti sem ósannaðri að ökumaður B hafi verið í símanum þegar áreksturinn varð. Telur V því að M hafi ekki tekist að sýna fram á að um stórfellt gáleysi ökumanns B hafi verið að ræða í umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 17. nóvember 2025, eru m.a. færð fyrir því frekari rök að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Þannig sé ljóst af fyrirliggjandi lækisfræðilegum gögnum að M hafi leitað á Landspítalann á slysdegi þar sem hún hafi lýst verkjum í hálsi, baki og hnakka. Kvaðst hún hafa fengið hnykk á háls og bak við áreksturinn. Við skoðun þann dag hafi hún verið stíf og stíð við allar hreyfingar í hálsi og verið greind með tognun og ofreynslu á hálshrygg. Gögnin staðfesti því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Þá er sérstaklega bent á að í fyrirliggjandi matsgerð sé því ekki hafnað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Þvert á móti sé því lýst þar að M hafi hlotið áverka í slysinu og í því samhengi sé vísað til lækisfræðilegra gagna málsins. Þó M hafi ekki að mati matsmanna orðið fyrir því tjóni sem um getur í 2. til 6. gr. skaðabótalaga takmarki það því ekki sjálfstæðan rétt hennar til bóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga enda sanni lækisfræðileg gögn málsins að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Þá áréttar M þá skoðun sína að notkun farsíma við akstur hafi falið í sér stórfellt gáleysi af hálfu ökumanns B. Vísar M m.a. í 1. mgr. og c-lið 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og Lrd. frá 22. nóvember 2019 í máli nr. 183/2019, máli sínu til frekari stuðnings.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort M eigi rétt á miskabótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna meints líkamstjóns sem hún telur sig hafi orðið fyrir við áreksturinn 26. apríl 2023. Í framangreindu ákvæði segir eftirfarandi: „Heimilt er að láta þann sem: a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni... greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“ Eins og komið hefur fram telur V að M hafi hvorki tekist að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins né að það meinta líkamstjón verði rakið til stórfellds gáleysis ökumanns B. Því séu ekki forsendur til að ákvarða henni miskabætur samkvæmt framangreindu ákvæði. Hvað líkamstjónið varðar þá liggur m.a. fyrir matsgerð tveggja matsmanna. Þar komast þeir m.a. að þeirri niðurstöðu að vegna afleiðinga árekstursins hafi M hvorki orðið fyrir tímabundnum né varanlegum miska sem gefi rétt til þjáningabóta samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga né til bóta fyrir varanlegan miska, skv. 4. gr. sömu laga. Þessi niðurstaða útilokar það þó ekki að mati nefndarinnar að M kunni að hafa orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn, enda getur komið til þess um sé að ræða miska sem fellur hvorki undir 3. né 4. grein skaðabótalaga. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í matsgerðinni komust matsmenn m.a. að þeirri niðurstöðu að heilsufar M eftir áreksturinn hafi verið orðið stöðugt 26. maí 2023, þ.e. einum mánuði eftir slysdag. Það þýðir í raun að mati nefndarinnar, að matsmenn virðast ganga út frá því að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu þó það hafi ekki leitt til þess að skilyrði t.d. 3. eða 4. gr. laganna hafi verið uppfyllt. Nefndin telur hins vegar að eins og málum er háttað í tilviki M sé ekki þar með sagt að hún teljist hafa orðið fyrir miska í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þó skilyrðið um líkamstjón kunni að vera uppfyllt. Þessu veldur að mati nefndarinnar að á bls. 15 í fyrirliggjandi matsgerð kemur fram að matsmenn telja að þau óþægindi sem M lýsir í kjölfar slyssins séu af eldri toga og hafi ekki versnað í kjölfar slyssins. Því telur nefndin það ósannað að M hafi orðið fyrir miska af völdum árekstursins 26. apríl 2023. Nefndin telur því að þegar af þeirri ástæðu eigi M ekki rétt á bótum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þessu til viðbótar telur nefndin að M hafi ekki tekist að sanna að áreksturinn megi rekja til stórfellds gáleysis ökumanns B. Í því sambandi treystir nefndin sé ekki til að draga þá ályktun af fyrirliggjandi myndbandi, líkt og M byggir á, að ökumaður B hafi verið í símanum þegar áreksturinn varð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á miskabótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 9. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir